

**Nd.**

**80. Frumvarp til laga**

**[73. máli]**

um breyting á lögum um samvinnufélög, nr. 46 frá 13. júní 1937.

Flm.: Finnur Torfi Stefánsson, Vilmundur Gylfason, Árni Gunnarsson.

**1. gr.**

1. mgr. 32. gr. laganna orðist svo:

Sambandsstjórn skal kosin árlega beinni, leynilegri kosningu, sem fer fram samtímis í öllum aðildarfélögum í samvinnusambandi. Kosningarrétt og kjörgengi eiga allir félagsmenn. Eigi færri en 3 menn skulu vera í sambandsstjórn. Stjórnin boðar til fulltrúafunda og undirbýr fundarmálefni, framkvæmir fundarályktanir og annast störf milli funda, leggur fyrir aðalfund endurskoðaða reikninga sambandsins fyrir næsta ár á undan, hefur umsjón með sjóðeignum, húsum, áhöldum og öðrum eignum og gætir hagsmuna sambandsins í öllum greinum.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

**Greinargerð.**

Á undanförnum árum hefur ör þróun átt sér stað til lýðræðis í atvinnulífi hjá ýmsum þeim nágrannaþjóðum, sem mestum þroska hafa náð um lýðræðislega stjórnarhætti. Hér á landi hefur lítið áunnist í þessum efnum og eru þar mikil verk óunnin. Eitt form lýðræðis í atvinnulífi hefur þó náð mikilli útbreiðslu hérlendis og gefið góða raun, þar sem er samvinnurekstur. Það er þess vegna mikilvægt, jafnframt því sem nýjar leiðir til atvinnulýðræðis eru ruddar, að hagnýta þá möguleika, sem samvinnuhreyfingin býður upp á, og gæta þess að hún haldi lýðræðislegum einkennum sínum.

Sú löggjöf, sem nú nýtur um samvinnustarfsemi, miðast fyrst og fremst við að skipa málum í samvinnufélögunum sjálfum og að tryggja félögum þar lýðræðisleg réttindi. Hins vegar eru ákvæði laganna um samband samvinnufélaga fátækleg. Löggin draga í þessu dóm af sínum tíma, þar sem umsvif samvinnuhreyfingarinnar voru þá mest hjá samvinnufélögunum sjálfum. Á þessu hefur orðið mikil breyting, þar sem umsvif Sambands íslenskra samvinnufélaga hafa aukist mjög ört og eru nú meiri en umsvif aðildarfélaganna. Samband íslenskra samvinnufélaga er nú

stórveldi í íslensku efnahagslífi, sem kemur með myndarlegum hætti inn á öll svið íslensks athafnalífs og hefur afgerandi þýðingu í efnahagslífi þjóðarinnar.

Núgildandi lög um samvinnufélög eru við þessar breyttu aðstæður mjög ófullnægjandi orðin. Skortir einkum á að almennum félagsmönnum séu tryggð nægileg áhrif á stjórn sambandsins og samstarfsfyrirtækjanna, sem þó óumdeilanlega er réttur þeirra. Skal þetta skýrt með því að taka dæmi af réttindastöðu félagsmanns í venjulegu deildaskiptu kaupfélagi. Félagismaðurinn neytir félagsréttinda sinna á deildarfundum, þar sem kosnir eru fulltrúar til setu á aðalfundi kaupfélagsins. Á aðalfundi kaupfélagsins eru kosnir aðrir fulltrúar sem fara á aðalfund sambandsins. Á aðalfundi sambandsins er stjórn sambandsins kosin og hún ræður síðan forstjóra og framkvæmdastjóra og skipar framkvæmdastjórn. Þessir aðilar munu síðan skipa í stjórnir samstarfsfyrirtækjanna.

Það sést af þessari upptalningu, að milliliðir eru margir milli hins óbreytta félagsmanns og hinna æðstu stjórnenda og nánast ómögulegt fyrir félagsmanninn að koma fram áhrifum. Þessu er mikilvægt að breyta og er því gerð í þessu frumvarpi tillaga um að teknar verði upp beinar kosningar í stjórn sambandsins. Með því móti er komið á beinum ábyrgðartengslum milli félagsmanna og stjórnarinnar og lýðræði þar með stóraukið. Ekki þarf að óttast að þessi breyting skerði um of virkni æðstu stjórnenda sambandsins, þar sem framkvæmdastjórnin, sem langmesta þýðingu hefur um alla daglega stjórn, er eftir sem áður skipuð af stjórninni. Það hefur verið vandamál í samvinnuhreyfingunni um nokkurt skeið, svo sem í mörgum öðrum félagssamtökum, að virkni almennra félagsmanna hefur verið í lágmarki. Ekki er að efa að þessi breyting gæti, ef rétt er á haldið, bætt hér verulega úr og yrði það samvinnuhreyfingunni tvímælalaust mjög til góðs. Samvinnuhreyfingin mundi með þessum hætti hafa hreina sérstöðu meðal íslenskra stórfyrirtækja um lýðræðislega starfshætti og er það mjög við hæfi.

#### Um 1. gr.

Hér er gert ráð fyrir að aðeins verði kveðið á um helstu grundvallaratriði um kosninguna í lögum. Það yrði síðan verkefni aðalfundar samvinnusambands að kveða nánar á um kosningareglur og framkvæmd kosninganna.

#### Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.